

ÁRANGUR OG FORYSTA

GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR
framkvæmdastjóri FranklinCovey

Farsæl innleiðing stefnu með The 4 Disciplines of Execution



Alpjóðlega þekkingar-fyrirtækið FranklinCovey hefur þróað skilvirka nálgun við innleiðingu á stefnumótandi

breytingum, The 4 Disciplines of Execution, og hafa starfsmenn fyrirtækisins á Íslandi í samstarfi við ráðgjafarteymi Expectus unnið með fjölda íslenskra

fyrirtækja að þjálfun stjórnenda við farsæla framkvæmd stefnu.

„Aðferðafræðin byggist á því að halda stefnu í hvirfilvindi daglegra verkefna. Starfsfólk er í upphafi hverrar vegferðar með skýra sýn á hvert skuli halda og er hvatt til að takast á við hindranir. Um leið og við komumst aftur í hið daglega amstur taka við kannski átta fundir á dag og tuttugu símtöl þess á milli og við einfaldlega missum fókus. Fólk missir sjónar á stefnunni.“

Guðrún Högnadóttir segir að aðferðafræðin, The 4 Disciplines of Execution, hafi með sannreyndum hætti aðstoðað stjórnendur við að hrinda þessum mikilvægu markmiðum í framkvæmd.

„Aðferðafræðin byggist á metsölubók sem heitir The 4 Disciplines of Execution sem er búin að vera á topplista Wall Street Journal-listans í nokkurn tíma. Hún leggur til fjórar mjög einfaldar reglur sem þjóna stefnumarkandi árangri í dagsins önn.“

Það ætti í fyrsta lagi að einblína á fá, afgerandi markmið. Guðrún segir að stjórnendur ættu í öðru lagi að horfa á leiðandi breytur sem í raun og veru hafa áhrif á hvernig hægt er að ná árangri. Í þriðja lagi mæli stjórnendur árangur hverrar vinnuviku á sýnilegum stefnuskorkortum og í fjórða lagi vinni stjórnendur með starfsmannateymum í að minnsta kosti tuttugu mínútur á viku, rýni framgang og forgangsraði verkefnum vikunnar með hliðsjón af stefnu og sókn. **FV**

Guðrún Högnadóttir segir að aðferðafræðin, The 4 Disciplines of Execution, hafi með sannreyndum hætti aðstoðað stjórnendur við að hrinda þessum mikilvægu markmiðum í framkvæmd.